

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Fiskeldi á Núpsmýri, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 16. janúar 2025 breytingar á deiliskipulagi fiskeldisins á Núpsmýri.

Meginbreytingin felst í stækkun skipulagssvæðisins vestur yfir Brunná og inn á Austursand í landi Akursels. Breyting deiliskipulagsins var kynnt samhliða breytingu aðalskipulags sem fól í sér stækkun iðnaðarsvæðis Í3 vestur yfir Brunná. Stækkun iðnaðarsvæðisins er til að gera fiskeldinu á Núpsmýri kleift að auka framleiðslu með bætum mannvirkjum til vatnstöku og umhverfisvænni fráveitulausnum. Felst það m.a. í aukinni sjótöku við ströndina, borholum þar sem fyrirhugað er að bora fyrir heitu vatni, í nýrri hreinsistöð og endurnýjun brúar fyrir fjórhjól og gangandi umferð yfir Brunná.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 7. febrúar 2025.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 21. febrúar 2025